

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Arctic Smolt	13. júní 2018	Norður-Botni, Tálknafirði	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
700807-0450	12.12.2020	Já	Seiðaeldi á landi, 199 tonn, teg. ótilgr.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?				Já, klak og eldi á laxaseiðum (upp að 150-200g), 89 tonn í stöðinni í dag
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?				Stöðin er enn í byggingu og endanleg útfærsla liggur ekki enn fyrir. Öll ker eru nú innandyra og endurnýtingakerfi komið í gang. Ekki er komin lokadagsetning framkvæmda. Öll starfsemi í eldri húsnum hefur verið lögð niður.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).				FishTolk skráningarkerfi fyrir daglegar skráningar. EQS fyrir utanumhald, þjálfun starfsmanna, áætlanir, verklagsreglur og skráningar. Allir starfsmenn hafa aðgang að kerfinu.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?				Skilað 16. maí 2018
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?				Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				Neyðaráætlun til staðar í starfsstöð. Drög hafa verið send eftirlitsaðila af öllum áætlunum en uppfæra þarf þær skv. ábendingum og senda aftur til samþykkis.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?				Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?				Í lagi
Er neyðaráætlun til staðar?				Drög hafa verið send en gera þarf lagfæringar til að áætlunin teljist fullnægjandi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?				Arctic Fish er með vottun frá ASC og er hún endurnýjuð árlega. Bæklingur um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?				Öll fóðrun er tölvustýrð en handfóðrað er eftir þörfum (v. fóðurstýringar).
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?				Skilað í ársskýrslu, vantar þó niðurstöður mælinga frá greiningaraðila. Mælingar eru gerðar daglega á eldisvatni á rannsóknarstofu rekstraraðila á staðnum.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?				Sjá mátti fóðurleifar og útfellingar við útrás frá húsi 1 og fer frárennslis þar beint út í fjöru. Eins mátti greina fóðurleifar við útrás frá settjörn. Í settjörn fer einnig vatn frá skurðum innan úr dal og bent er á að taka þarf vatnssýni einnig frá þeirri útrás um leið og sýni eru tekin í viðtaka. Taka skal vatnssýni 1m frá útrás í viðtaka.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh.				Endurnýtingakerfi er komið við all flest ker. Fullkomið kerfi með tromlusíu og biofilter. Fast efni fer í safntank og er fyrirhugað að nota það sem áburð. Bent var á að athuga

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				þarf hvort að þörf sé á áburðarleyfi frá MAST. Viðtakinn er sjór.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).				Stöðin liggur rétt við fjöruna (100m) en mikilla áhrifa flóðs og fjöru gætir í fjörunni.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.				Já, niðurstöður frá greiningaraðila vantar.
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				Samningur er við Gámaþjónustuna um úrgangslosun á almennum úrgangi. Lífrænn úrgangur fer í Klofning og er tekinn reglulega, nokkrum sinnum í viku. Kvittanir voru aðgengilegar í skráningakerfi.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?				Já
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.				Í árskýrslu, niðurstöður frá greiningaraðila vantar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.				Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Efnamælingar eru fyrirhugaðar árið 2019 en þær skal gera á 3ja ára fresti. Sýni eru tekin af rekstraraðila og send til greiningar hjá Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram í eftirlitinu er varða að skráningum er ábótavant, plastagnir hafa ekki verið nægjanlega vel hreinsaðar úr fjörum og nærsvæði, tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs- og stranda hefur ekki borist eftirlitsaðila og að neyðaráætlun, áhættumati og viðbragðsáætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

Fundið var að olíuefnum í frárennslis og umgengni um efnavöru. Þrjár ábendingar komu fram.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Samantekt:	<p>Ábending er gerð í eftirlitinu varðandi frágang á svæðinu. Rekstraraðili hefur verið í tiltekt á svæðinu eftir byggingaframkvæmdir en huga þarf að því að halda svæðinu snyrtilegu skv. gr. 2.3 í starfsleyfi og ganga vel frá rusli til að varna foki. Ábending er einnig gerð varðandi umgengni við olíutank á byggingarsvæði. Greina mátti olíu í jarðvegi við tankinn og þarf að bæta verklag við umgengni við tankinn. Einnig þarf að huga að árekstrarvörnum við tankinn og bent er á að geymsla spilliefna s.s. rafgeyma þarf að vera innandyra eða í lokuðum spilliefnakerjum.</p> <p>Eitt frávik frá gr. 3.1 í starfsleyfi kom fram við eftirlit er varðar frárennsli frá húsi nr. 1 en engin hreinsun er á því. Að lágmarki skal vera eins þreps hreinsun á frárennsli sem rennur beint út í viðtaka.</p>
Annað	<p>Gengið var um fjörur, beggja vegna stöðvarinnar og skoðað hvernig plastagnir frá lífhreinsum sem fuku út í fjöru, hefðu dreift sér. Greina mátti töluvert af plastögnum norðan megin fjarðar sem þarf að hreinsa upp, bæði í fjöru sem og í mómum ofan fjöru. Ábendingar hafa borist eftirlitsaðila að plastagnir þessar megi finna í nærliggjandi æðarvarpi. Farið var að geymslusvæði rekstraraðila inn í dal en þar hafa verið settar manir sem nýttar eru sem skjól fyrir geymslusvæði. Bent er á að plastkubbar til notkunar í lífhreinsa þurfa að vera geymdar við viðunandi aðstæður svo ekki sé hætt á að þeir dreifist um nærsvæði. Kubbarnir eru geymdir í nælonsekkjum, inn á milli malarmana.</p> <p>Rekstraraðili gerir tímasetta áætlun um hreinsun og skilar til eftirlitsaðila en krafa er um að fjörur verði hreinsaðar eins vel og nokkur kostur er.</p>

G. Stella Arnadóttir

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	13.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Smolt	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Nancy Rut Helgadóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða frágang á svæðinu og umgengni við olíutank á vinnusvæði. Eitt frávik kom fram er varðar hreinsun á frárennsli frá húsi nr. 1.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista um umfang eftirlitsins.

Gengið var um eldisstöðina og nærsvæði. Einnig var gengið um fjörur beggja megin stöðvarinnar. Enn má vel greina plastagnir úr lífhreinsum, bæði í fjöru sem og í grasi og múum ofan fjöru norðan megin fjarðar. Farið var að geymslusvæði rekstraraðila inn í dal en þar hafa verið settar upp malar manir og svæðið notað fyrir geymslusvæði. Nokkrir tugir sekkja sem innihalda plastkubba í lífhreinsa eru geymdar á svæðinu, í stórum nælonsekkjum og er bent á að geyma skuli kubbanda við viðunandi aðstæður svo ekki sé hætt á að þeir fjúki til.

Stöðin er nýbyggð og er allur búnaður hennar skv. bestu tækni og er stöðin snyrtileg á að líta innandyra.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
Gr. 3.1 í starfsleyfi	Frárennsli frá húsi nr. 1 en engin hreinsun er á því. Að lágmarki skal vera eins þreps hreinsun á frárennsli sem rennur beint út í viðtaka.

ATHUGASEMDIR

Ábending er gerð í eftirlitinu varðandi frágang á svæðinu. Rekstraraðili hefur verið í tiltekt á svæðinu eftir byggingaframkvæmdir en huga þarf að því að halda svæðinu snyrtilegu skv. gr. 2.3 í starfsleyfi og ganga vel frá rusli til að varna foki. Ábending er einnig gerð varðandi umgengni við olíutank á byggingarsvæði. Greina mátti olíu í jarðvegi við tankinn og þarf að bæta verklag við umgengni við tankinn.

ANNÆÐ

Eftirlitsaðili sendir rekstraraðila athugasemdir vegna áætlana og rekstraraðili uppfærir þær í samræmi við það. Skulu uppfærðar áætlanir sendar eftirlitsaðila.


Þeim frávikum sem fram komu við eftirlit árána 2016 og 2017 og úrbótaáætlun hafði verið samþykkt um, hefur nú verið lokið, að undanskildu frávikum varðandi plastagna í fjöru en áfram er unnið eftir áætlun um hreinsun fjörunnar skv. tímasettri áætlun sem rekstraraðili sendir eftirlitsaðila skv. tilmælum í eftirliti.

Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila afrit af gildandi deiliskipulagi svæðisins.

Viðstödd eftirlitið var einnig Steinunn Einarsdóttir frá Arctic Fish.

Reykjavík, 06.07.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir